

Reykjavík, 10.06.2010
KÁK/ES/

Helga Barðadóttir
Iðnaðarráðuneyti, Arnarhvoli 150
101 Reykjavík

Efni: Orkustefna fyrir Ísland

Sæl Helga.

Orkuveita Reykjavíkur fékk Orkustefnu fyrir Ísland til umsagnar fyrir tilstilli Samorku og höfum við nú farið yfir hana og sett fram athugasemdir hér að aftan. Fyrirhugað var að skila þessu til ykkar fyrir 8. júní eða innan þess tímaramma sem gefinn var, þetta náðist því miður ekki. Haft var samband við iðnaðarráðuneytið og var veittur frestur fram til 10. júní til að skila þessu.

Við höfum sett saman athugasemdir og ábendingar hér að aftan og erum tilbúin að koma að áframhaldandi vinnu.

Virðingarfyllt,
Kristinn Á. Kristinsson
Elín Smáradóttir

Athugasemdir Orkuveitu Reykjavíkur vegna Orkustefnu fyrir Ísland

Orkuveita Reykjavíkur þakkar það tækifæri sem gefist hefur til að gera athugasemdir við drög að orkustefnu fyrir Ísland, en telur jafnframt að hafa hefði mátt meira samráð við orkufyrirtæki á fyrri stigum. Fyrirtækið telur orkustefnu fyrir Ísland mjög þarfa en telur að talsvert sé í að þau drög sem nú liggja fyrir verði tilbúin. Eftirfarandi eru nokkrar athugasemdir við efnistöð, sem miðast við stöðu verksins nú. Því er óskað eftir tækifæri til að koma frekari athugasemdum að á síðari stigum. Fulltrúar fyrirtækisins eru fúsir til að koma að áframhaldandi vinnu við orkustefnu og bjóða hér með fram krafta sína.

Almennar athugasemdir

Almennar og sértækar bakgrunnsupplýsingar eru mjög víða fyrirferðarmiklar í skjalinu en ættu frekar heima í viðaukum, ásamt skilgreiningum hugtaka, svo stefnan sjálf, markmið, leiðir og mælikvarðar verði aðgengilegri.

Nauðsynlegt er að geta heimilda og skrá tilvísanir í þær. Þessu er víða ábótavant í skjalinu.

Í erindisbréfi stýrihóps um mótun heildstæðrar orkustefnu kemur fram að hópnum sé ætlað að leita „...kennistærða til að hægt sé að mæla þróun og árangur...“. Gera má tillögur um slíka mælikvarða, sem ættu þá að fylgja með öllum tillögum um markmið og leiðir, en tímarammi og mælistikur koma aðeins fram á stöku stað. Margir aðilar innan orkugeirans eru þegar að safna gögnum sem gætu nýst við skilgreiningu mælikvarða í þessu samhengi. Má þar nefna orkufyrirtækin, Netorku og Samorku.

Athugasemdir við einstaka kafla

Kafla 2

Eins og áður segir væri réttara að hafa skilgreiningar í viðauka með stefnuskjali. Eftirfarandi eru ábendingar varðandi skilgreiningar:

Mikilvægt er að full samstaða sé um skilgreiningu á meginhugtökum stefnunnar, sbr. „Endurnýjanlegar orkulindir“, „sjálfbær þróun“, „sjálfbær þróun“ og „sjálfbær vinnsla“.

Verðgildi náttúru – Ósamræmi virðist vera milli skilgreiningar í kafla 2 og leiða í kafla 6.2.

Orkuverð: Óeðlilegt er að blanda kostnaði af flutningi og dreifingu við skilgreiningu orkuverð. Ef taka á þann kostnað með hlýtur að vera réttara að nefna heildarkostnað af raforkunotkun.

Kafli 4

Í kafla 4.1. Þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar – er tafla: Lýsa mætti betur hvað hálfir, heilir og engir hringir þýða.

Skýra þarf tengingu við niðurstöður rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og frumvarp það sem hefur verið til umfjöllunar um nýtingar- og verndaráætlun, við orkustefnu Íslands.

Skýra þarf nánar hvað átt er við með hóflegum og jöfnum hraða og takti uppbyggingar á bls. 14.

Kafli 5

Ekki kemur fram hver skuli bera ábyrgð á því að ætíð sá fyrir hendi næg orka til að mæta þörfum notenda. Skyldan hvíldi á Landsvirkjun, en með lagabreytingum frá árinu 2003 var sú skylda afnumin. Ef „markaðurinn“ framleiðir ekki næga raforku til að mæta þörfinni, þarf að vera ljóst til hvaða ráða er unnt að grípa.

Kafli 5.4

Skýra þarf nánar hvað átt er við með að afhendingaröryggi „verði eins og best verður á kosið“. Er átt við N-1?

Kafli 6

Í kafla 6.3 undir leiðum er fjallað um að tryggt skuli að almenningur fái arð af auðlindum. Á frekar heima undir kafla 7.

Kafli 6.4.1

Í kafla 6.4.1 er fjallað um atriði sem tekið er á í leyfisveitunum, s.s. varðandi efnamengun í starfsleyfi og sjálfbæra nýtingu í nýtingarleyfi. Réttara væri að fjalla um slíkt undir umfjöllun um leyfi, ef ástæða þykir til, þar sem kröfurnar eru þegar fyrir hendi.

Í 2. mgr. kaflans er fjallað um gjaldtöku. Ætti frekar heima undir liðnum leiðir.

Kafli 6.4.2

Um fyrirhugaðar nýtingu á vatnasvæðum má benda á vatnatilskipun ESB og megin stefnumið hennar.

Kafli 8

Undir „leiðum“ í kafla 8.4 væri rétt að nefna að huga þarf að breytingum á raforkulögum varðandi tengingar við Landsnet, þegar fjallað er um uppbyggingu iðngarða eða verksmiðja í tengslum við virkjanir, einkum jarðvarmavirkjanir. Sjá umsögn Orkuveitu Reykjavíkur til iðnaðarnefndar um frumvarp til raforkulaga, dags. 3. júní 2010.

Kafli 9

Skoða þarf útfærslur og aðferðir við uppbyggingu atvinnulífs í nágrenni virkjana, sbr. það sem segir um kafla 8 hér að framan.

Í síðustu málsgrein kafla 9 segir að eitt af markmiðum orkustefnunnar sé að styðja uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs. Réttara hlýtur að vera að markmið orkustefnunnar sé að *orka verði nýtt í þeim tilgangi að styðja við uppbyggingu.*

Kafli 9.1.

Í kaflanum er mikið af upplýsingum sem eiga heima í viðauka en ekki inni í stefnuskjali, sbr. almenna athugasemd.

Staðfesta þarf upplýsingar um kostnað og tímalengd við byggingu jarðvarmavirkjana á bls. 33.

Kafli 9.2

Réttara væri að kaflinn hétu „formlegur undirbúningur framkvæmda“ þar sem fjallað er um slíkan undirbúning. Styttra og fyrirsjáanlegra ferli hlýtur að vera markmið. Útfæra ætti tillögur í þessu sambandi.

Kafli 9.5

Við þennan kafla mætti bæta við texta um að orkufyrirtækin geti komið upp umráðasvæði fyrir tækni og rannsóknaraðstöðu til að bregðast við eftirspurn frá ýmsum aðilum (frumkvöðlar, sprotafyrirtæki) sem sýnt hafa áhuga á aðstöðu til rannsókna á jarðhitavökva, gasi og fleiru tengdu virkjunum. Tæknigarðarnir væru þannig tímabundin aðstaða fyrir vísindamenn og rannsóknaraðila meðan kannað er hvort mögulegt er að skala starfsemina upp í iðnframleiðslu.

Sjá einnig athugasemd við kafla 8.

Kafli 10

Á bls. 37 kemur fram: „Orkutengt útstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er aðallega tvenns konar.

1. Útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegna raforkuframleiðslu.
2. Notkun jarðefnaeldsneytis í samgöngum og sjávarútvegi.

Gerð er athugasemd við að einungis ofangreindir tveir þættir séu dregnir fram þar sem notkun jarðefnaeldsneytis er einnig nokkur í landbúnaði og iðnaði (t.d. sementsverksmiðjan og járnblendiverksmiðjan).

Kafli 10.3.

Þar er birtur listi úr aðgerðaáætlun samráðsnefndar í loftslagsmálum. Í lið 6 eru listuð upp dæmi um eflingu rannsókna og nýsköpunar.

Gerð er athugasemdir við að ekki sé getið niðurdælingar á koldíoxíði í berglög en það dæmi var tiltekið í aðgerðaráætluninni hvað þennan þátt varðar.

Kafli 11.2

Langur kafli um staðreyndir, sem mætti stytta, sbr. almenna athugasemd. Í þessum kafla væri eðlilegt að fjalla um vinnu sem hafin er, þ.e. áætlunar um orkuskipti í samgöngum „Græna orkan, Vistorka í samgöngum“ en markmið hennar er að byggja upp klasasamstarf

þar sem ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki geta unnið saman að því sameiginlega markmiði að auka nýtingu á innlendri vistvænni orku.

Kafli 13.1

Á bls. 49 er getið Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna en ekki um aðra háskóla, s.s. REYST orkuskólann, RES eða Keili en þessir skólar hafa sérhæft sig í orkumálum.

Kafli 13.2 og kafli 13.3

Rétt er að benda á að orkufyrirtæki á Íslandi hafa til skamms tíma unnið saman að tækninýjungum og lausnum við vinnslu jarðhita sem hafa verið opnar öllum. Þetta fyrirkomulag samvinnu hefur reynst vel. Orkugeirinn (hverju nafni sem hann nefnist s.s. jarðhiti, vatnsafl, sólarorka, vindorka og lífrænt eldsneyti), stendur frammi fyrir svipuðum áskorunum hvað varðar fjármögnun, rannsóknir og þróun, samstarf, stefnumörkun stjórnvalda og kynningu fyrir almenningi, stjórnvöldum og fjárfestum. Mikilvægt er að orkugeirinn starfi ekki í einangruðu umhverfi heldur njóti kostanna af því að starfa í stærra samhengi þar sem fyrirtæki í skyldum rekstri styðja hvert annað með t.d. samnýtingu á grunnrannsóknnum og uppbyggingu þekkingar starfsmanna ofl. Stór hluti af allri jarðhitaorku á heimsvísu er í Asíu. Íslendingar búa yfir þekkingu og færni í að reisa og reka jarðvarmavirkjanir. Sóknarfæri kann að felast í því að byggja brú á milli þessara aðila. Reynolds Íslendinga er takmörkuð hvað varðar framkvæmdir í samfélögum eins og Asíu þar sem samfélagsgerðin og stjórnsýsla er allt önnur og ótryggari en á Vesturlöndum. Stórfyrirtæki á Norðurlöndunum og annars staðar hafa hins vegar víðtæka reynslu í þessum heimshluta sem mætti nýta í samvinnu við Íslendinga.